



ER

LIST 2009  
AN LANDAMERA

# ÍMYNDUÐ LANDA-MÆRI HUGANS

Þrátt fyrir að mannfólkið lifi í sameiningu á jörðinni og úr fjarlægð virðist nokkuð svipað er um að ræða hóp af fólki í öllum regnbogans litum, við ólíkar aðstæður, sem lifir eftir mismunandi trúarbrögðum, á misstórar fjölskyldur, býr í líkama sem er einstakur og er fyrst fremst með ólíkt gildismat og viðhorf.

Hátíðin List án landamæra er orðin árleg á Íslandi og er markmið hennar að fatlað og ófatlað fólk sameinist í listinni, að ólíkir hópar vinni saman og leiði þannig til aukins skilnings milli fólks, samfélaginu til góðs.

Á hverjum degi flokkum við margbreytileika mannlífsins niður í hópa og búum til landamæri á milli þeirra sem hindra aðgang hvers hóps að öðrum. Jafnvel stillum við hópum upp sem andstæður sem eiga ekkert sameiginlegt og setjum á þá merkimiða með ákveðnum hugtökum sem okkur þykir lýsa hópunum best. Eitt orð á merkimiða verður gjarnan að sameiginlegum skilningi í samfélaginu - eða kannski misskilningi.

Samkvæmt alfræðiorðabók eru landamæri talin vera ímynduð mörk milli tveggja ríka. Þessi mörk eru því hvergi almennilega skilgreind, líklega því það er nær ógerningur. Mörkin sem við sköpum í huga okkar eru einnig ímyndun, uppspretta hugsunar sem við setjum í orð sem eru gripin í loftinu og gerð að þessum sameiginlega misskilningi.

Algeng landamæri í samfélaginu eru milli hópa sem fá merkimiðana heilbrigðir og fatlaðir. Hver hópur um sig fær merkimiða sem hann lærir að trúa og lifa eftir. Sú hátíð sem hér er að fara af stað er tæki til að fjarlægja þessa merkimiða og hópamyndun – gera fólki ljóst að ekki er um andstæður að ræða. Öll höfum við heilbrigði og öll erum við á einhverjum tímarpunkti í lífinu fötluð. Þessi tvö hugtök eru, líkt og landamæri, ímyndun. Þau eru hugarástand sem mótast af okkur sjálfum og umhverfi sem nærist á flokkun.

List fyrir mér er tjáning. Tjáning í orðum, myndum, hlutum, tónum og hreyfingum. Stundum erum við að tjá okkur sjálf en stundum erum við að tjá okkur fyrir og í gegnum aðra. Ef við tökum eftir þessum orðum, myndum, hlutum, tónum og hreyfingum sjáum við að allt hefur það sameiginlegt að vera tjáð og skapað af hugsandi verum með hjarta sem slær. Ef við skynjum það og upplifum, trúi ég að sú hugsun sem verður til, eyði út merkimiðum sem leiða af sér samfélag sem hefur ekki lengur þörf fyrir ímynduð landamæri – samfélag þar sem við njótum fegurðar og eðlileika margbreytileikans.

*Freyja Haraldsdóttir*



Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar og eru allir velkomnir

[www.listanlandamaera.blog.is](http://www.listanlandamaera.blog.is)

Stjórnina mynda: Friðrik Sigurðsson framkvæmdastjóri Proskahjálpar, Helga Gísladóttir deildastjóri hjá Fjölmenn, Aileen Svendsdóttir frá Átaki, Ása Hildur Guðjónsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands og Jenný Guðmundsdóttir deildastjóri Sérsvéitar Hins Hússins. Margrét M. Norðdahl er framkvæmdastjóra hátíðarinnar.



# STYRKTAR-AÐILAR



Minningarsjóður  
Fjólu og Lilju  
Ólafsdætra



Fondet for  
dansk-islandsk  
samarbejde



HÖFUÐ-BORGAR-SVÆÐIÐ

4 - 6

NORÐUR-LAND

7 - 9

AUSTUR-LAND

10

SUÐUR-NES

11

BORGAR-FJÖRÐUR, ÍSA-FJÖRÐUR, VEST-MANNA-EYJAR & SÓL-HEIMAR

12

# HÖFUÐ-BORGAR-SVÆÐIÐ

## 22. apríl, Miðviku-dagur

### Tví-vidd í þrí-vidd

Tími: 16 - 18 (4-6)

Gallerí Tukt,

Hínu Húsinu, Pósthús-stræti 3-5, 101 Reykjavík.


Hjólástóla-ingangur er Hafnar-strætis-megin.

Nemendur starfsbrautarinnar í Fjölbrautskólanum í Garðabæ sýna afrakstur vetrarins í myndlist, þar sem þeir hafa unnið form bæði í tvívidd og þrívidd. Nemendur hafa unnið ákveðin verkefni þar sem þeir þurfa að tjá sig á myndrænan hátt, bæði í tvívidd og þrívidd. Nemendur nota fjölbreyttar aðferðir við myndvinnslu þannig að þeir þjálfist í að tjá sig á ólíkan máta. Inn á milli hefur kennslan verið brotin upp með myndskoðun og listaverk bandaríska myndhöggvarans Alexander Calder skoðuð.

### Sýnendur:

Aron Ragúel Guðjónsson, Aron Sigurbjörnsson, Egill Steinhórnsson, Hringur Úlfarsson, Ísak Óli Sævarsson, Jakob Alexander Aðils, Jónatan Nói Snorrason, Kristján G. Halldórsson, Þórunn Kristjánsdóttir.

**Kennari:** Sari Maarit Cedergren.



Tví-vidd í þrí-vidd

## 23. apríl, Fimmtu-dagur

### Opnunar-hátíð Listar án landa-mæra í lðnó

Tími: 15:00 (3)

lðnó, Vonar-stræti 3, 101 Reykjavík.

Kynnir eru: Edda Björg Eyjólfsdóttir og Jón Þorri Jónsson.

- **Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra setur hátíðina.**

- **90's Pop Golden Stars.**

Afrakstur klubbstarfs Hins Hússins 2008-2009. Tískuklúbbur sýnir tísku 10. áratugarins og dansar við tónlist sem tónlistarklúbbur hefur samið.

Fram koma: Helga Sigríður Jónsdóttir, Marta Sóley Helgadóttir, Gunnar Porkell Þórgímsson, Erla Kristín Pétursdóttir, Ásta Hlökkversdóttir, Rákel Aradóttir, Kolbeinn Jón Magnússon, Guðrún Sara Sigurðardóttir, Þórný Helga Sævarsdóttir, Ingibjörg Helga Pálsdóttir, Elin Björt Gunnarsdóttir og Þór J. Þormar.

- **Valur Höskulsson ljóðskáld les úr verkum sínum.**

- **Hjólástólasveitin.**

Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir og Leifur Leifsson flytja uppistand.

- **Kór Orkuveitu Reykjavíkur og Blikandi Stjórnur flytja saman nokkur lög.**

- **Rómeó og Júlía.**

Leikfélagið Zeus í Borgarholtsskóla sýnir atriði úr glænýrri uppfærslu á Rómeo og Júlíu.

Flytjendur eru: Atli Óskar Fjalarsson, Þuríður Davíðsdóttir, Þórný Helga Sævarsdóttir, Rákel Aradóttir, Ólafur Snævar Aðalsteinsson, Ragnar Smáráson, Þórdís Erlingsdóttir, Erla Kristín Pétursdóttir, Dagný Lára Guðmundsdóttir, Óli Björn Finnsson, Vilhjálmur Skúli Vilhjálmsson Steinsson, Valbjörn Snær Lillendahl Kjerulf Jónasson, Pétur Már Pétursson, Bergþóra Kristbergsdóttir.

**Leikstjóri Ágústa Skúladóttir.**

### Sápu-kúllur á Mokka

Tími: 16:30 (3)

Mokka Skólavörðustíg 3a, 101 Reykjavík.

Bjargey Ólafsdóttir og Ingvar Þór Ásmundsson sýna ljósmyndir. Bjargey og Ingvar Þór hafa ólíkan bakgrunn í listinni. Þau sýna hér ljós- og hreyfimyndir sem teknar hafa verið í erli dagsins. Athafnir og upplifanir gripnar og festar á filmu.

## 24. apríl, Föstu-dagur

### Lennon og Baktus

Tími: 17:00 (5)

Lista-salur Mosfells-bæjar.

Kjarna, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær.

Innan-gengt er í salinn úr Bóka-safni Mosfells-bæjar

Sýningin stendur til 23.mái.

Í Listasal Mosfellsbæjar sýnir hópur myndlistafólks sem kom sér saman um að fylla salinn af myndlist. Fullt hús af myndlist, allir veggir fullir, öll gólf full.

Í aðdraganda sýningarinnar hefur listafólkið unnið saman að verkum sínum í þórum.

**Sýnendur eru:** Sigga Björg Sigurðardóttir og Ísak Óli Sævarsson, Sigrún Huld Hrafnisdóttir og Davíð Örn Halldórsson og Baldur Geir Bragason ásamt þeim Gauta Ásgeirssyni og Aroni Eysteinessyni.

## 25. apríl, Laugar-dagur

### Sýning Karavana og Sólheima í Norræna Húsinu

Tími: 15:00 (3)


Norræna Húsið, Sturlu-götu 5 (í Vatns-mýrinni).

[www.solheimar.is](http://www.solheimar.is)

[www.nordice.is](http://www.nordice.is)

Sýningin stendur til 17.mái og er opin á opnunartíma Norræna Hússins.

### Fabulous monsters



Lennon og Baktus

# HÖFUÐ-BORGAR-SVÆÐIÐ

Yndisleg skrímsli. Listafólkið vinnur í stúdíói þeirra sem ber nafnið "Atelier KARAVANA".

Á myndum þeirra hitta áhorfendur skordýr í litríku umhverfi og yndisleg skrímsli og skúlptúramir tjá innri tilfinningar listafólksins eins og ótta, vináttu og ást.

Þau eru innblásin af verkum danska utangarðs-listamannsins Ovarfari sem var sjúklingur á geðsjúkrahúsi í Árósum í 56 ár en hann lést árið 1985. En hann vann mikið með sjálfspottnar verur sem voru hálf mennskar og hálf dýr.

Sýnendur eru :

Pia Bech Andersen, Rikke Andersen, Else Christensen, Betina Ernsten, Rikke Lydum Holm, Pia Wulff Laursen, Sara Lund, Rikke Hildebrandt, Bodil Schou, Louise Thykær og Anne Sofie Duus.



Sólarupprás í Vatnsmýrinni

## Sólar-upprás í Vatns-mýrinni

Allt frá stofnun Sólheima árið 1930 hefur verið rík hefð fyrir allskyns menningar- og listastarfi enda var það einn af þeim áhersluþáttum sem Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir, brautryðjandi og stofnandi Sólheima, lagði upp með. Vinnustofurnar á Sólheimum eru eins mismunandi og þær eru margar og bera verkin þess glögglega merki. Þar er unnið með ólík efni eins og þæfða ull, leir, tré, vatnslíti og olíupastel. Verkin eru bæði hlutbundin og óhlutbundin og innblásturinn kemur víða að, allt frá náttúrunni til innstu og órannsakanlegustu kima sálarinnar.

Sýnendur eru Ágúst Þorvaldur Höskuldsson, Árni Alexandersson, Ásta Hlíf Ágústsdóttir, Ebba Puriður Engilbertsdóttir, Einar Baldursson, Elisabet Yuka Takefusa, Guðrún Rósálin Jóhannsdóttir, Helga Alfreðsdóttir, Inga Jóna Valgarðsdóttir, Jolanta María Zawadzka, Pálína Erlendsdóttir, Ruth Hjaltadóttir og Þorbjörg Sigurðardóttir.

## 28. apríl, þriðju-dagur

### Lækur á Café Aroma

Tími: 14:00 (2)

Café Aroma, Firði, 200 Hafnarfjörður.

[www.redcross.is](http://www.redcross.is)

Lækur er staður fyrir fólk sem átt hefur við geðraskanir að stríða. Markmið Lækjar er að draga úr félagslegri einangrun og styrkja þannig andlega og líkamlega heilsu. Mikil áhersla er lögð á menningu og listir í starfsemi Lækjar.

Sýndar verða myndir frá námskeiði sem staðið hefur frá 12. mars 2009 í Læk.

Kennari á þessu námskeiði er Kristinn Eliasson myndlistarmaður. Þeir sem taka þátt í sýningunni eru Elin Dóra Elíasdóttir, Anna Lisa Sigurðardóttir, Ester Landmark, Guðrún Guðlaugsdóttir, Svava Ingbórsdóttir, Ragnhildur Siggeirdóttir og Hildur Dögg Guðmundsdóttir.

## "Wonderful Copenhagen" - Dásamlega Kaupmannahöfn í Norræna Húsinu

Tími: 19:30 (hálf 8)

Norræna Húsið, Sturlu-götu 5 (í Vatns-mýrinni).

Sólheimakórinn

Félagar úr Sólheimakórnum halda stutta tónleika. Á efnisskránni eru m.a. lög úr leikritinu "Skógarlíf" sem Leikfélag Sólheima sýnir um þessar mundir. Sólheimakórinn hefur orð á sér fyrir gládlega framkomu og söng frá hjartanu.

Hópurinn Karavana frá Árósum í Danmörku sýnir verkið Dásamlega Kaupmannahöfn. Hópurinn hefur starfað í 15 ár og samanstendur af atvinnuleikhúsi, hljómsveit og hópi myndlistafólks. Leikararnir, tónlistafólkið og myndlistamennirnir eru öll fatlað fullorðið fólk. Frá stofnun

hefur Karavana verið virkur þátttakandi í menningarlífinu í Danmörku og skapað fjölmörg leikrit, tónverk og listaverk. Verk og uppsetningar hópsins eru sögð vera lífandi, hrifandi og aðgengileg. Þau eru mjög meðvituð um gæði og gera miklar kröfur til sjálfs sín. Þau nota verk sín og list til þess að hrífa áhorfendur með sér og bjóða þeim í einstakan og óvenjulegan heim, þar sem fjölbreytileiki, forvitni, hreyfanleiki og húmor ræður ríkjum.

Þáttaka þeirra skiptist í annars vegar myndlistasýningu og hins vegar leikverk þar sem þau sýna sambland af leik og tónlist. Leikverkið ber heitið "Wonderful Copenhagen" eða Dásamlega Kaupmannahöfn. Þetta er hjartnæmt verk um drauma, ást og lífsgleði. Verkið er ferðalag þar sem ævintýri HC Andersen blandast draumum, þrám og sannri ást í nútímanum.

Þátttakendur eru:

Hans Peter Knudsen, Hanne Bitten Pedersen, Gidda Stadager, Karin Iversen, Torben Hedegaard, Søren Koopman, Henrik Dalsgaard, Kenneth Gammelgaard Jensen, Lisbeth Handberg, Niels Christian Grøn, Bent



Wonderful Copenhagen

# HÖFUÐ-BORGAR-SVÆÐIÐ

keflet, Henrik Harry Danielsen, Sonja Fugl, Erik Nielsen, Pia Bech Andersen, Pia Wulff Laursen, Uffe Diettmer, Hans Nielsen, Ulla Braaby, Liné Thordarsson, Inge Sølvsten og Janne Andreassen.

Í lok verksins verður stuttur fyrirlestur um starfsemi Karavana.

## 29. apríl, miðviku-dagur

### Menningar-kvöld Átaks á Hressó

Kl: 20:00 – 22:00 ( 8 – 10 )

Hressó, Austur-stræti

Félags-fólk Átaks verður með fluting á eigin verkum og annarra í formi ljóða, upp-lesturs, tón-listar og gríns.

## 30. apríl, fimmtu-dagur

### Sam-sýning í Ráð-húsi Reykja-víkur

Tími: 17:00 (5)

Ráðhúsið, 101 Reykjavík.

Samsýning í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fjölmargt listafólk sýnir fjölbreytt verk, meðal annars taflborð og taflmenn úr gleri, málverk, brúður, teiknimyndasögur, teikningar, skúlptúra, bolí og sokka.

Við opnun kemur fram grænlenstur trommudansari, Anna Thastum frá Kulusuk og flytur kynngimagnaðan gjörning og Valur Höskuldsson ljóðskáld les úr verkum sínum.

**Sýnendur eru:** Hermann Guðjónsson, Hringur Úlfsson, María Strange, Helga Jóhannsdóttir, Björn Sólvi, Aðalsteinn Bjarni Björnsson, María Dröfn Þorlákssdóttir, Ari Svavar Guðmundsson, Garðar Reynisson, Ingvar Þór Ásmundsson, Steinunn Jóhannsdóttir, Bryndís Ósk Gísladóttir, Sigríður Huld Ragnarsdóttir, Sigurgeir Atli Sigumundsson, Vigdís Bjarnadóttir, Erna Sif Kristbergssdóttir, Agnar Guðni Guðnason, Erla Grétarsdóttir, Gígja Thoroddsen, Ármann Kummer Magnússon, Óskar Viekkó Brandsson, Stefán Júlíus Arthursson, Margeir Þór Hauksson, Sigtryggur Einar Sævarsson, Friederike Hesselmann, Linda Rós Lúðvíksdóttir og Halldór Dungal.



Samsýning í Ráðhúsi Reykjavíkur

## 02. maí, laugar-dagur

### Geðveikt kaffi-hús og Handverks-markaður

Tími: 12 - 17

Kjallari Hins Hússins, Pósthús-stræti 3-5, Hjólástóla-inngangur er Hafnar-strætis-megin.

Hugarafi sér um Geðveika kaffihúsið og býður upp á valdeflandi bakkelsi, seiðandi söng og kikkað kaffi í léttu jazzsveiflu.

Á handverksmarkaðnum má sjá og kaupa glæsilegt handverk frá m.a. Bjarkarasi, Gylfahlöt, løjubergi, løjubjálfun á Kleppi og Ásgarði.

## 06. maí, miðviku-dagur

### Söng-keppni Tipp Topp

Tími: 17 - 22 ( 5 - 10 )

Húsið opnar kl. 17.00, keppnin hefst kl. 19.00 og húsið lokar kl. 22.00.

Hitt Húsið, Pósthússtræti 3 - 5, kjallara. Hjólástóla-inngangur Hafnar-strætis-megin. [www.hitthusid.is](http://www.hitthusid.is)

Tipp Topp, félagsmiðstöð fyrir fatlaða heldur sína árlegu

söngkeppni. Gefin verða verðlaun fyrir fystu þrjú sætin, ásamt því verða veitt verðlaun fyrir flottasta búninginn og flottasta atriðið. Síðasti dagur skráningar í keppnina er 22. apríl.

### Stjarnan mín

Tími: 15:00

Borgar-bóka-safnið

Á sýningunni Stjarnan mín sameinast stjórnur barna úr frístundaheimilum Krínglumýrar. Frístundaheimilin eru Gulahlíð, Álftabær, Glæðheimar, Krakkakot, Laugarsel, Neðstaland, Sólubúar og Vogasel.

Öll börnin gera sína eigin stjörnu sem er einstök og öðruvísi. Í gegnum það ferli var rætt um hvað við erum öll einstök en samt eins. Stjörnurnar sameinast svo í einu verki sem er risastór hnöttur sem mun hanga til sýnis í Borgarbókasafninu.

### Tjarnarhópurinn sýnir Hótel Hrollsstaði í lðnó

Tími: 16:30 (4)

lðnó, Vonar-stræti 3, 101 Reykjavík

“Það er ekki fyrir alla að gista á hótel Hrollsstöðum – myndir þú þora?”

**Leikendur eru**

Andri Freyr Hilmarsson, Arnbjörg Magnea Jónsdóttir, Auðun Gunnarsson, Ástrós Yngvadóttir, Bjarki Erlingsson, Edda Sighvatsdóttir, Elin Ólafsdóttir, Gísli Björnsson, Guðmundur Stefán Guðmundsson, Hildur Sigurðardóttir, Halldóra Jónsdóttir, Halldór Steinn Halldórsson, Íris Björk Sveinsdóttir, Rut Ottósdóttir og Sigurgeir Sigmundsson.

**Kennarar:**

Anna Brynja Baldursdóttir, Guðlaug María Bjarnadóttir og Guðný María Jónsdóttir.

*Stjarnan mín*



## 09. maí, laugar-dagur

### Klassískir einsöngs-tónleikar í samstarfi Fjölmenntar og Söng-skóla Sigurðar Demetz

Tími: 15 (3)

Lista-salur Mosfells-bæjar  
Kjarna, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær.  
Innangengt er í salinn úr Bókasafni Mosfellsbæjar.

Nemendur frá Fjölmennt og Söngskóla Sigurðar Demetz halda sameiginlega tónleika.

Fram koma 12 einsöngnemendur og syngja sigild lög eftir ýmis tónskáld.

Söngvarar frá Fjölmennt:

Elin Helga Steingrimsdóttir, Hildigunnur J. Sigurðardóttir, Linda Rós Pálmadóttir, Magnús Paul Korntop, Marta Sóley Helgadóttir, Þórey Rut Jóhannesdóttir.

Söngvarar frá Söngskóla Sigurðar Demetz:

Aileen Soffia Svendsdóttir, Eva Hrönn Guðnadóttir, María Rut Baldursdóttir, Valborg Steingrimsdóttir, Kristján Ingi Jóhannesson, Jóhann Axel Schram Reed.

Píanóleikarar eru Jón Sigurðsson, Keith Reed og Ari Agnarsson.

## 14. maí, fimmtudagur

### Tónleikar Fjölmenntar í Salnum

Tími: 18:00 (6)

Salurinn, Kópavogi

www.fjolmennt.is

Fram koma: Hrynsveitin, Trommusveitin, Söngsveitin, Hljómsveitirnar Plútó og Hraðakstur bannaður. Þá verður einsöngur og ýmsir einleikar munu leika m.a. á píanó, blokkflautu.

# NORÐUR-LAND



Ryð

## 02. maí, laugar-dagur

### Rið

Opnun sýningar Finns Inga Erlends-sonar á Bláu könnunni

Tími: 11:30 (hálf 12)

Bláa Kannan, Hafnar-stræti 96, Akureyri.

Sýningin samanstendur af ljósmyndum frá Bolungarvík. Þær eru teknar í fjörunni þar af ýmsum hlutum sem hafa bæði skolað á land og staðið í fjörugarðinum og ryðgað þar í tímans rás. Finnur les upp ljóð í tengslum við verkin kl.12 á opnunardaginn.

Sýning er opin á opnunartíma kaffihússins og stendur til 16.maí.

### Safna-safnið á Svalbarðs-strönd

Tími: 13:00 (1)

Svalbarðs-strönd, 601 Akureyri

Safn-vörður Hug-listar

Bílastæði: 2. maí - 6. september 2010.

Huglist afhjúpar safnvörð á bílaplani safnsins. Höfundar eru: Brynjar Freyr Jónsson, Finnur Ingi Erlendsson, Ragnheiður Arna Arnarsdóttir, Stefán J. Fjólán og Vilhjálmur Ingi Jónsson.

Birtingar mynd-Ímynd-Sjálfsmynd

Langisalur: 2. maí - 10. júlí

Birtingarmynd-Ímynd-Sjálfsmynd: Óhreinu börnin hennar Evu. Vinnustofan Ás - hvít handklæði með vélsaumuðum myndum af starfsfólkinu.

Leikskólinn Álfaborg á Svalbarðseyri - ljósmyndir af börnum að drullumalla.

Fólk og dýr úr leir

Miðrymi: 4. apríl - 6. September

Safneign

Ókunnir höfundar, vistmenn á Kleppsspítala ca. 1975-1995.

### Dagskrá í Ketil-húsinu

Tími: 15:00 (3)

Ketil-húsið, Lista-gilinu, Akureyri

### Vappað inni vorið

Sýning Hug-listar hópsins

Tími: 15:00 (3)

Ketil-húsið

Sýningin samanstendur af skúlptúrum, ljóðum, málverkum og mörgu fleiru. Þetta er túlkun sex mismunandi persóna á lífi, umhverfi og hugsun.

Sýnendur eru: Ragnheiður Arna Arnarsdóttir, Finnur Ingi Erlendsson, Vilhjálmur Ingi Jóhannesson, Hallgrímur Siglaugsson, Stefán J Fjólán og Brynjar Freyr Jónsson.



Calleri Box

# NORÐUR-LAND



Samsýning á Fjallabyggð

## Hátíðleg opnun í Ketil-húsinu

Tími: 15:00 (3)

Ávarp og formleg setning hátíðar-innar á Norður-landi Finnur Erlendsson flytur frum-samið lag í tilefni dagsins Inúitafletta.

Frum-flutningur tón-verks eftir Jón Hlöðver Áskelsson.

Verkið er samið fyrir barnakór, blásara og trommara.

Ljóða-upplestur: Stefán Fjólán.

Leik-hópurinn Hugsana-blaðran.

Sýnir hluta af tilrauna-verkefni sem inniheldur söng og leiklist.

Leikendur eru: Nanna Kristín Antonsdóttir, Elma Berglind Stefánsdóttir, Telma Axelsdóttir, Jón Óskar Ísleifsson, Heiðar Hjalti Bergsson, Gunnhildur Aradóttir, Kristín Ólafsdóttir Smith. Kennarar: Aðalsteinn Bergdal og Heimir Bjarni Ingimars.

## Trommu-hringur

í umsjón Tónlista-skólans á Akureyri.

## Trommu-dansari frá Græn-landi.

Sérstakur gestur hátíðarinnar er Anna Thastum frá Grænlandi. Hún flytur magnaða særingatrommudansa í Deiglu klukkan 16:30.

## Fjöl-breytt tónlistar-hátíð

Tími: 21:00 (9)

Ketilhúsið

Tónlistartílaun Nr 1, Finnur Erlendsson og Brynjar Freyr Jónsson spinna verk á gítara.

Ragnheiður Arna Arnarsdóttir og Stefán J Fjólán lesa ljóð.

Poppahljómsveitir, nemenda úr Tónlistarskólanum á Akureyri.

Finnur Erlendsson flytur eigin lög.

Hljómsveitin Skakkamanage heldur uppi stuði.

## Opið hús og kaffi-sala í Lautinni

Tími: 16:00 – 18:00 (4 – 6)

Lautin, Brekkugata 34, Akureyri

Opið hús í Laut, athvarfi Rauða kross Íslands fyrir fólk með geðraskanir.

Kaffisala og spjall.

## Sam-sýning í Fjalla-byggð

Tími: 13:00 (1)

List-hús Fjalla-byggðar í Ólafs-firði og Råd-húsinu á Siglu-firði.

### Sýndendur frá Siglufirði:

Starfsmenn Iðju-Dagvistar, Handverkskonur í Kvennismiðjunni, Félagar í Sjálfsbjörg.

Handverkskonur í Galleríi Sigló, Listakonan Abbý – Arnfinna Björnsdóttir.

### Sýndendur frá Ólafsfirði:

Myndlistarkonan Garún – Guðrún Þórisdóttir, leirlistarkonan Hófy – Hólmfríður Arngrímsdóttir og myndlistarkonan Kristjana R. Sveinsdóttir.

Hátíðin hefst í Ólafsfirði (Listhúsi Fjallabyggðar) með samsýningu sem verður opin til 5. maí. Sama sýning verður á Siglufirði dagana 6.- 10. maí (í Råd-húsinu). Sýningarnar verða opnar á báðum stöðum laugardaga og sunnudaga frá kl. 13-17 og virka daga frá kl. 14-18. Á opnun eru veitingar í boði og hægt verður að hlusta á frábær tónlistartríði í flutningi heimamanna.

## 05. maí, þriðju-dagur

### KALLI25

Sýning Karls Guðmunds-sonar í Gallerí Råd-húsi

Tími: 12:00 (12)

Gallerí Råd-hús, Akureyri

Karl Guðmundsson (Kalli) hefur lagt stund á myndlist frá unga aldri. Í mörg ár hefur Karl komið á vinnustofu Rósu Kristínar Júlíusdóttur kennara og myndlistakonu þar sem þau hafa unnið saman að listsköpun, bæði sem kennari og nemandi en fyrst og fremst sem félagar og vinir í listinni. Þau hafa haldið sameiginlegar listsýningar og tekið þátt í margskonar samsýningum. Einnig hafa þau haldið fyrirlestra um samvinnu sína í tengslum við sýningarnar og á ráðstefnu um menntamál.

Karl er alvarlega mál- og hreyfihamaður ungur maður sem býr yfir góðum skilningi. Þrátt fyrir fötlun sína tekst Kalla að koma til skila þeirri næmu listrænu tilfinningu sem býr innra með honum. Hann útskrifaðist af myndlistabraut Verkmenntaskólans á Akureyri vorið 2007 og hefur ekki slegið slöku við í myndlistinni. Vorið 2008 tók hann þátt í listahátíðinni List án Landamæra með sýningunni *Snúist í hringi* sem var í Ketilhúsinu á Akureyri.

Verkin á sýningunni KALLI25 eru unnin með oliulitum á bókbandspappa.

KALLI 25





# NORÐUR-LAND

## 07. maí, fimmtu-dagur

### Opið hús í Hæfingar-stöðinni

Tími: 09:00 – 15:00 (9 – 3)

Hæfingar-stöðin við Skógar-lund, Akureyri

Föstudaginn 7. maí frá 9-15 verður opið hús í Hæfingarstöðinni við Skógarlund. Hæfingarstöðin er dagþjónusta fyrir fullorðin fatlað fólk.

Búðin verður opin, þar er hægt að versla frumlegt handverk úr leir, gleri, ull, tré og pappír, allt á viðráðanlegu verði.

Kaffi á könnunni og allir hjartanlega velkomnir.

Notendur og starfsfólk Hæfingarstöðvarinnar.

## 08. maí, föstu-dagur

### Handverks-sýning með kaffihúsa-blæ

Tími: 13:00 – 17:00 (1 – 5)

Miðjan, Garðars-braut 21 (gamla pósthúsið)

640 Húsavík

Lýsing á atburði: Sýning á verkum notenda og starfsfólks Miðjunnar. Tónlist verður í höndum notenda auk þess sem þeir munu bjóða upp á kaffiveitingar.

## 09. maí, laugar-dagur

### Kaffi Manía

Tími: 14:00 – 22:00 (2 – 10)

Setrið geðræktar-miðstöð, Árgötu 12, 640 Húsavík.

Í Setrinu verður opið kaffihús laugardaginn 9. maí. Hægt verður að kaupa „geðveikar kökur“ og kaffi á geðveiku verði og til skemmtunar verður lifandi tónlist, ljóðalestur, happdrætti og fleiri uppákomur. Til sýnis verða myndir, handgerðir skartgripir og fleira eftir notendur í Setrinu. Sýningin verður opin áfram dagana 11.-13. maí frá kl. 12:00-16:00.

### Komdu að leika

Tími: 14:00 – 17:00 (2-5)

GalleriBOX, Kaupvangs-stræti 10, Akureyri  
galleribox.blogspot.com

Laugardaginn 9. maí opnar sýningin “Komdu að leika” þar sem myndlistamenn vinna með börnum í GalleriBOXi í Listagilinu á Akureyri. Sýningin gefur gestum fjölbreytt sýnishorn af því hvernig myndlistarmenn og börn vinna saman. Sýningin stendur til 31. júní og er opin alla laugardaga og sunnudaga milli kl. 14:00 og 17:00.

### Norður-heims-skautið

Sýning nemenda í Fjöl-mennt í Amtsbókasafninu

Tími: 14:00 (2)

Amtsbókasafnið, Brekkugata 17, Akureyri.

Hér sýnir litríkur hópur fólks með einstaka hæfileika. Myndlistarstofan er okkar tilraunastofa, þar vinnum við með mismunandi efni eins og birki, ösp, pappamassa og leir. Sumir eru nýjungagjarnir og vilja stöðugt leita nýrra leiða meðan aðrir eru mjög íhaldsamir í myndsköpun sinni. Myndlistin gefur okkur svigrúm, kennir okkur að hugsa nýjar hugsanir og forma hugmyndir okkar, deila þeim með öðrum og gera þær sýnilegar.

Sýningin stendur til 30. júní og er opin alla daga nema sunnudaga.

Sýnendur eru:

Sandra Magnúsdóttir, Birgir Sveinarsson, Aðalbjörg Baldursdóttir, Anna María Ingólfsdóttir, Anna Ragnarsdóttir, Edvin Steingrímsson, Elísabet Emma Hannesdóttir, Elma Berglind Stefánsdóttir, Guðmundur Adólfsson, Guðrún Káradóttir, Gunnhildur Aradóttir, Heiðar Hjalti Bergsson, Jón Kristinn Sigurbjörnsson, Kristín Björnsdóttir, Magnús Ásmundsson, Nanna Kristín Antonsdóttir, Örn Arason, Matthías Ingimarsson, Pétur Pétursson, Pétur Jóhannsson, Sigrún Baldursdóttir, Simon Hólm Reynisson, Sævar Bergsson, Telma Axelsdóttir, Þorsteinn Stefánsson, Kristinn Páll Auðunsson, Kristín Ólafsdóttir Smith, Sigurlaug Hreinsdóttir, Arnþór Þorsteinsson, Erla Franklin, Ingimar Valdimarsson og Vignir Hauksson.

Kennari þeirra er Brynhildur Kristinsdóttir.

### Leik-hópurinn Hugsana-blaðran

Sýnir hluta af tilraunaverkefni sem inniheldur söng og leiklist við opnun sýningar í Amtsbókasafninu.

Leikendur eru: Nanna Kristín Antonsdóttir, Elma Berglind Stefánsdóttir, Telma Axelsdóttir, Jón Óskar Ísleifsson, Heiðar Hjalti Bergsson, Gunnhildur Aradóttir, Kristín Ólafsdóttir Smith. Kennarar eru Aðalsteinn Bergdal og Heimir Bjarni Ingimars.



Norðurheimsskautið



# AUSTUR-LAND

## 03. maí, sunnudagur

### Lista-hátíð í Slátur-húsinu á Egils-stöðum

Tími: 14 – 18 (2 – 6)

#### Ævin-týrið Leik-list kl. 14:00

Leiksmiðja fyrir fatlaða þar sem grunnþemað er ÆVINTÝRI. Hver þátttakandi velur sér persónu úr ævintýraveröldinni, hvort sem þar er um að ræða kóng, drottningu, prins, prinsessu, tröll, tré eða blóm. Þannig getur hver og einn gengið inn í sitt hlutverk eftir líkamlegri og andlegri færni og getu. Spurnið verður útrá þekktum ævintýrum og þeim þeim tengdum þannig að úr verði nýtt leikverk, samið og leikið af hópnum. Unnið verður í Sláturhúsinu menningarhúsi með leiksýningu í lokin í huga.

Leiðbeinandi: Sigurður Ingólfsson.

#### Lista-smiðja – Leik/Mynd

Listasmiðjan Leik/Mynd er unnin í samstarfi við listasmiðjuna Ævintýrið Leiklist. Þátttakendur fá að spreyta sig á því að vinna að leikmynd fyrir leiksýninguna. Þeir vinna aðallega með ljós og skugga með eigin líkama og með því að klippa út figúru úr karton og varpa þeim á hvítt tjald á leiksýningunni Ævintýrið. Einnig mun hver þátttakandi gera eina portrett mynd - sjálfsmynd.

Þær myndir verða einnig til sýnis á uppskeruhátíðinni sunnudaginn 3. maí.

Leiðbeinandi: Ólöf Björk Bragadóttir.

#### Danssýning barna í Hallormsstaðaskóla kl. 15:00

Sýning barna 6-9 ára á ýmsum dönsum m.a. sýning á frumsömdum dansi eftir Þráinn kennara þeirra, við tónlist frá Kenýa. Leiðbeinandi: Þráinn Skarphéðinsson, þjóðdansafélaginu Fiðrildunum.

#### Huggulega hljómsveitin kl. 15:30

Tónlistarflutningur mjög huggulegrar hljómsveitar í "geðveika kaffihúsinu". Tónlistarmennirnir Óðinn Gunnar, Matti, Kati, James og Xabi leika af fingrum fram.

#### Anna Thastum, trommudansari frá Grænlandi flytur seiðmagnaðan grænlenkan gjörning kl. 16:00

Ekki missa af þessum einstaka viðburði frá göðum nágranna okkar frá Grænlandi.

#### Geð-veikt kaffi-hús opið kl. 14-18

Boðið verður upp á ljúffengar veitingar, ljóðaupplestur og fl. óvænt. Sala á fallegu handverki frá Stólpa. Þrjónar, læknasloppar og spennitreyjur velkomnar!

#### Sjálfsmyndir

Ýmsir íbúar sveitarfélagsins, skjólstæðingar Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, nemendur grunnskólanna á Fljótaldshéraði og Menntaskólans á Egilsstöðum búa til sjálfsmyndir úr ólíkum efni við og sýna afrakstur í Sláturhúsinu. Ólíkir stílar og ólík nálgun byður upp á mjög fjölbreytta og skemmtilega samsýningu.

#### Leir-list

#### Leirlistarsýning nemenda Anne Kampp leirlistakonu.

Fallegir gripir til sýnis og sölu.

Ólíkir stílar og ólík nálgun byður upp á mjög fjölbreytta og skemmtilega samsýningu.

#### Frjáls eins og fuglinn

Stutt námskeið var haldið 4. apríl þar sem um 60 þátttakendur bjuggu til fugla úr þæfðri ull, vír, silki, pappír o.fl. Í framhaldi af námskeiðinu birtast fuglarnir á óvæntum stöðum á Egilsstöðum fram að 3. maí sem boðberar friðar og sköpunarfrelsis persónunnar.

Leiðbeinendur: Erla Vilhjálmadóttir og Halla Ormarsdóttir.



# SUÐUR-NES

## 22. apríl, miðviku-dagur

### Gaman Saman

Sýning í samstarfi Leikskólans Gefnarborgar, Gerðaskóla, Tónlistarskóla Garðs og Heiðarholts - skammtímavistunar fyrir fatlaða.

Tími: 14:00 (2)

Sunnubraut 4, Garði, stígagangur fyrir framan bæjarskrifstofu.

Á sýningunni verða sýnd valin verk frá nemendum og Tónlistarskólann flytur tröpputónlist auk þess sem sameiginlegt verkefni verður skapað og sett upp. Í því munu nemendur gera tré sem ber ávöxt, þau teikna, lita og klippa út ávexti eða blóm eins og þeim dettur í hug og er þeirra túlkun. Við erum öll mismunandi blóm á sama tré, allt líf vex og grær, öll erum við ávextir einhvers..., allir eiga rétt á sér, sama hver þroskinn er.

Sýningin stendur til 7. maí og er opin alla virka daga frá kl. 9:00-15:30.

Tröpputónlist verður miðvikudaga og föstudaga kl. 14:00.

## 23. apríl, fimmtu-dagur, Sumar-dagurinn fyrsti

### Opnunar-hátíð í Reykjanes-bæ

Tími: 13:00 (1)

Frumleikhúsið, Vesturbraut 17, Reykjanesbæ.

### Leik-sýningin Sumar-dagurinn fyrsti

Sett verður á svið sýningin Sumardagurinn fyrsti sem er samsett dagskrá með leik, söng og dansi. Þar verður farið stuttlega í sögu Sumardagsins fyrsta, ljóð og sögur lesnar og flutt ný og gömul lög sem hæfa tilefninu og allt gert með leikrænni tjáningu. Um leikstjórn sér Kristlaug María Sígurðardóttir.

### Gler-borgir

Tími: 14:00 (2)

Duus-hús, Bió-salur, Duus-götu 2-8, Reykja-nesbæ. Samsýning listafólks undir stjórn myndlistarmannsins Guðmundar R. Lúðvíkssonar þar sem unnið verður í frjálsum verkum og sett upp áhugaverð sýning á ímynduðu þorpi og flöskumyndlist í anda Picasso. Sýningin stendur til mánudagsins 27. apríl og er opin frá kl. 13:00 – 17:00.

**Sýnendur:** Alda Elíasdóttir, Björn Ágúst Magnússon, Böðvar Þórir Gunnarsson, Dagný Ada Kjærnested, Eva Dís Jósefsdóttir, George Michael Vollmar, Gerður Gunnarsdóttir, Guðmundur Ingi Einarsson, Guðný Helga Jóhannsdóttir – Starfsmaður, Guðrún Ágústa Steinþórsdóttir, Guðrún Stella Ágústsdóttir, Helgi Þór Einarsson, Hrafnhildur Gísladóttir, Hreiðar Hálfán Antonsson, Jóhann G. Elmstrand, Knútur Gunnar Haukstein Knúttsson, Ólafur Ingi Brandsson, Baldur Ketilsson, Valur G. Einarsson, Bergdís Ásta Ásgeirsdóttir, Valgeir Jensson, Reynir Gunnþórsson, Arngrímur Arnarsson, Árni Jakob Óskarsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Kristrún Bogadóttir, Ásmundur Þórhallsson, Ástvaldur Ragnar Bjarnason, Bjarni Valur Agnarsson Berglind Danielsdóttir og Ómar Björnsson .

### Sam-sýning í Svarta pakk-húsinu

Tími 15:00 (1)

Svarta pakk-húsið Hafnar-götu 2 í Reykja-nesbæ .

Lára María Ingimundardóttir, Valur Freyr Ástuson og Ástvaldur Ragnar Bjarnason sýna verk sín.

Sýningin stendur til 30. apríl og er opin á virkum dögum frá kl. 16 – 19 og um helgina 25 – 26 frá kl. 13 (1) – 17 (5)



# BORGAR-FJÖRÐUR, ÍSA-FJÖRÐUR, VEST-MANNA-EYJAR & SÓL-HEIMAR

## BORGARNES

**26. apríl, sunnu-dagur**

### Margt smátt gerir eitt stórt

Tími: 16:00 (4)

Landnáms-setrið, Brákarbraut 13-15, Borgarnesi  
[www.outsidersart.blogspot.com](http://www.outsidersart.blogspot.com).

Alþýðulistamenn í Borgarfirði sýna glerlist, akrýlverk, mosaik og fleira sem þeir hafa unnið við í Gallerý Brák í Borgarnesi á vorönn 2009.

Sýningin stendur til 6. maí og er opin frá klukkan 11-17.

## SÓL-HEIMAR

**23. apríl, fimmtu-dagur**

### Leik-félag Sól-heima

Tími: 14:00

Sólheimar í Grímsnesi.

Leikfélag Sólheima er elsta áhugamannaleikfélag landsins þar sem fatlaðir og ófatlaðir starfa hlið við hlið. Leikfélagið hefur verið með reglulegar sýningar allt frá árinu 1930 eða í hartær áttatíu ár og hefur sú skemmtilega hefð skapast að alltaf er frumsýnt á sumardeginn fyrsta. Það má því segja að frumsýningarnar okkar séu hinn sanni vorboði hér í uppsveitum Árnessýslu.

Leikritið í ár ber heitið "Skógarlíf" og er eftir Magnús J. Magnússon. Í þessu bráðskemmtilega verki hittast allar helstu sögupersónur leikbókmenntanna og meðal annars enda Kárius og Baktus uppi í munninum á Mikka refi. Sannarlega ævintýralegur bræðingur þarna á ferðinni! Sýningartímar: sjá nánar á [www.solheimar.is](http://www.solheimar.is).

## ÍSAFJÖRÐUR

**27. apríl, mánu-dagur**

### Kaffi List / Lyst

Tími: 14:00 – 18:00 (2 – 6)

Miðbær Ísafjarðar.

Dagana 27. apríl-3. maí verður starfrækt kaffihús í miðbæ Ísafjarðar. Kaffihúsið verður opið 14:00-18.00. Á boðstólum verður kaffi og heimagerð bakkelsi. Sýningar verða alla dagana á listmunum s.s. á leir, gler og handverk. Sölusýningar verða á kertum, listmunum og handverki. Einnig verður tónlistarflutningur.

## VESTMANNAEYJAR

**30. maí, laugar-dagur**

### Myndlista-sýning

Íþróttahús Vest-manna-eyja.

Opnuð verður myndlistasýning í Íþróttahúsi Vestmannaeyja laugardaginn 30. maí á verkum þeirra sem þátt tóku í myndlistasamkeppni á vegum Íþróttafélagsins Ægis. Samhliða verður opnun fjölskylduhelgar sem hefur verið álegur viðburður í Vestmannaeyjum síðustu ár. Íþróttafélagið hefur lengi gefið út jólakort og selt til styrktar Íþróttastarfi fatlaðra í Vestmannaeyjum. Að þessu sinni var haldin samkeppni innan félagsins um myndefni kortanna og verk þeirra sem hlutu 1. og 2. sæti voru prentuð á kortin sem seld voru fyrir jólin. Þátttaka var mjög góð og verður nú afrakstur samkeppninnar í heild til sýnis. Sýningin verður opin í sumar og gefst öllum gestum Íþróttamiðstöðvar Vestmannaeyja tækifæri til að skoða myndverkin.

